



amnesty
international

Íslandsdeild - Iceland section
Hafnarstræti 15 - P.O. Box 618
121 Reykjavík - Iceland
Tel.: 354-1-16940
Fax: 354-1-616940

Til Alþingis

Nefndadeild skrifstofu Alþingis
b/t Ágústu H. Lárusdóttur
deildarfulltrúa
Þórshamri, Templarasundi
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 220

komudagur 3 / 12 / 1993

Reykjavík 01.12.93

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með bréfi dagsettu 03.11.93 barst Íslandsdeild Amnesty International erindi allsherjarnefndar um ofangreint efni.

Stjórn deildarinnar hefur rætt erindið á fundum sínum. Hún telur að með lögtöku frumvarpsins sé stigið veigamikið skref til eflingar og tryggingar mannréttindum og leggur til að það verði samþykkt.

Við athugun frumvarpsins og umræður um það komu m.a. fram eftirfarandi sjónarmið sem skoða má sem athugasemdir:


Eðlilegt er og í samræmi við viðtekna skoðanir um réttarheimildir íslensks réttar að veita ekki ákvörðunum eftirlitsaðila lagagildi, sbr. 2.gr. Í samræmi við almenn lögskýringarsjónarmið verða þær þó mikilvæg lögskýringargögn og væntanlega leiðir reglan um löglíkur samræmis milli þjóðaréttar og landsréttar til að úrlausnir Mannréttindadómstólsins verða taldar hafa áhrif sem nálgaast fordæmisgildi.

Vandaðri löggjafartækni hefði verið að láta fara fram athugun á íslenskri löggjöf, stjórnarframkvæmd og dómiðkun með það fyrir augum að koma á fullu samræmi við réttindaskrá Mannréttindasáttmála Evrópu og samsvarandi samþykktir Sameinuðu þjóðanna og að því búnu hefðu verið gerðar viðeigandi breytingar á lögum jafnframt því sem það sem áfátt kann að vera réttarfarsframkvæmd og stjórnsýslu hefði verið lagað.

Til að komist verði hjá að árekstrar verði milli gamalla og ófullkominna ákvæða stjórnarskrár og fyrirmæla Mannréttindasáttmálans hefði e.t.v. verið heppilegra að frumvarpið hefði verið til stjórnлага, enda mun það, eins og það er, enga vernd veita gegn síðar settum almennum lögum, ef það verður lögtekið.

Þetta tilkynnist hinu háa Alþingi allra virðingarfyllt.

Fyrir hönd stjórnar Íslandsdeildar
Amnesty International


Sigurður A. Magnússon
formaður